

Yfirbygging almenningsvagna eru ódýrari hér en erlendis

Bílasmiðjan smíðar yfir fyrsta frambyggða almenningsvagninn.

BÍLASMIÐJAN HEFUR NÝLEGA LOKIÐ smíði yfirbyggingar fyrsta frambyggða almenningsvagnsins hér á landi. Góð reynsla hefur fengist af yfirbyggingum þeim er gerðar hafa verið hér innanlands, en það athygliverðasta er, að yfirbyggingar þessar standast fullkomlega samanburð við þær erlendu og eru auk þess ódýrari og spara mikinn gjaldeyri.

Með smíði þessarar vönduðu yfirbyggingar hafa forstöðumenn Bílasmiðjunnar sannað, að auk þess sem það skapar atvinnu, er mjög mikill sparnaður í því fölginn að láta smíða yfir almenningsvagnana hér- lendis í stað þess að kaupa þá yfirbyggða, sem best sést á eftirfarandi upplýsingum frá Bílasmiðjunni:

„Verð yfirbyggingarinnar er 165 þúsund krónur. Til samanburðar er vert að geta þess, að sambærilegar yfirbyggingar frá erlendum verksmiðjum kosta nú kr. 173 305,20 með því að gafinn sé eftir 66% af innflutningstollinum. En innlend yfirbyggingaverkstæði verða að kaupa efni til yfirbygginga að sumu leyti fyrir bátgjaldreyri og greiða fullan toll af öllu efni. Til nánari skýringar skal þess getið, að þessi vagn, sem hér um ræðir, kostar samanlagt, grind og yfirbygging kr. 286 þúsund, en sambærilegur vagn erlendur ætti að kosta hér á staðnum, miðað við það, að erlendum yfirbyggingaverkstæðum væri ekki ívilnað hér með tollum, krónur 365 900,00 eða ca. 80 þúsund krónum meira en innlendi vagninn. Virðist því sú ráðstöfun vera óskiljanleg, að leyfður skuli innflutningur yfirbyggðra almenningsvagna og gefur eftir innflutningstollar af þeim, á sama tíma og innlend verkstæði verða að kaupa efni fyrir bátgjaldreyri og greiða fulla tolla af efni, en framleiða samt jafn góða vöru ódýrari, eins og sýnt hefur verið fram á í þessu tilfelli.“

Hinn nýi vagn er eign Snælands Grimsönnar og Sigurbergs Pálssonar. Vagninn tekur 42 í sæti og 20 í stæði, og verður hann notaður á áætlunarleiðinni Reykjavík—Mosfellssveit.

Tveir brezkir sendiráðsstarfsmenn handteknir í Prag

TVEIR starfsmenn brezka sendiráðsins í Prag voru handteknir í gær. Annar þeirra var sendiráðsritari, en hinn skrifstofustúlka. Tékkneska ríkislögreglan ásaði þau fyrir njósnir og gaf þá skýringu, að þau hefðu veitt móttöku leyniskjölum varðandi njósnir gegn Tékkum.

Síðustu skipsferðir kringum land fyrir jól

SÍÐUSTU SKIPSFERÐIR kringum land fyrir jól verða héðan úr Reykjavík á mánu- dagskvöldið. Þá leggur Hekla af stað vestur og norður um land til Þórshafnar, og Herðubreið

Tvær nýjar barnabækur: „Benni og Bára“ og „Stubbur“

BÓKAÚTGÁFAN BJÖRK hefur gefið út tvær nýjar barnabækur í bókaflokknum Skemmtilegu smábarnabækurnar. Nefnast þær „Benni og Bára“ og „Stubbur“, og eru báðar endursagðar af Vilbergi Júlíussyni kennara í Hafnarfirði.

„Stubbur“ kom fyrst út árið 1947 og hefur notið fádæma vinsælda, en „Benni og Bára“ kemur nú út í fyrsta skipti. Fyrri bækurnar í flokknum Skemmtilegu smábarnabækurnar eru „Bláa kannan“ og „Græni hatturinn“.

Sýning 30 listamanna í listvinasalnum

HIN ÁRLEGA JÓLASÝNING stendur nú sem hæst í Listvina salnum, og kennir þar margra grasa. Eru að þessu sinni ekki aðeins myndir, heldur ýmiss konar listiðnaður, úrval leirmuna frá Funa h.f., silfurmunir eftir tvo unga gullsmíði, Val Fannar og Ásmund Jónsson, slegnir koparmunir eftir Björn Halldórsson leturgrafara, vefn aður eftir Guðrúnu Jónasdóttur, þar á meðal vefnaður úr basti og íslenskum hálm frá Samsstöðum. Júlíana Sveinsdóttir og Ásgerður Ester eiga myndvafnað, og einnig er úrval tréskurðarmynda eftir Barböru Árnason.

Af öðrum myndlistarmönnum má nefna Kjarval, Kristínu Jónsdóttur, Snorra Arinbjarnar, Þorvald Skúlason, og af þeim yngri Jóhannes Jóhannesson, Örlög Sigurðsson, Valtý Pétursson, Kjartan Guðjónson, Sigurð Sigurðsson, Pétur Friðrik og Skarphéðinn Haraldsson. Svavar Guðjónsson á þar fimm nýjar myndir, en hann hefur ekki sýnt síðan hann kom heim; og Júlíana Sveinsdóttir hefur sent fimm ný málverk á sýninguna, en sum þeirra hafa verið á Charlottenborgarsýningunni nú í haust.

Verð myndanna á sýningunni er yfirleitt mjög í hóf stillt, flestar þeirra eru innan við 500 kr., margar um 100 kr. Leirmunirnir eru allt niður í 10 kr. stykkið og bastvefnaður inn frá 25 til 50 kr. Að venju er aðgangurinn að sýningunni ókeypis; hún er opin í dag til kl. 22 og út alla næstu viku.

austur um til Bakkafjarðar. — Póststofan hefur látið þess getið við blaðið, að fólk, sem ætlar að senda böggla með skipum, þessum þurfi að vera búð að koma þeim í póst fyrir kl. 1 e. h. á mánudag.

AB ALÞYÐUBLAÐIÐ

Kameljónið

EYSTEINN JÓNSSON, fjármálaráðherra afturhalds- stjórnarinnar, lét orð falla um það í útvarpsumræðunum á dögunum, að gerðar væru furðulegar ályktanir af hinum og þessum félagasamtökum í landinu. Orðrétt mæltist honum þannig um þetta: „Það er erfitt að sjá, að það geti haft góðan endi, ef hver stétt og hver hópur, sem saman kemur til funda, lætur það vera sitt höfuðverkefni að krefjast framlaga af ríkinu fyrir sig og handa sér“. Bak við þessi ummæli Eysteins fæst ástín á hinum miklu en illa fengnu skatt- peningum ríkissjóðs, sem fjármálaráðherrann umgengst líkt og Bárður gamli á Búrfelli eigur sínar. En Eysteinn var ekki svona vandlætíngar samur, þegar síðasti aðal- fundur stéttarsambands bænda gerði ályktunina um að krefjast helmings mótvirðissjóðsins landbúnaðinum til handa. Framsóknarflokkurinn hefur sem kunnugt er flutt það mál á alþingi af sínu venjulega offorsi, þegar sérhagsmunir bænda eru annars vegar.

FRAMSÓKNARFLOKKURINN er kröfuharðari fyrir hönd sinna umbjóðenda en nokkur annar stjórnmálaflokkur í landinu. Samt ætlar hann vitlaus að verða, ef aðrir aðilar, sem komast þó miklu verr af en bændur, bera fram einhverjar kröfur. Eysteini Jónssyni ferst því sannarlega ekki að vera að tala um furðulegar ályktanir þeirra félagasambanda, sem ekki eru í náðinni hjá Framsóknarflokknum. Honum væri sámt að líta sjálfum sér nær.

STÉTTABARÁTTAN er að verða harðari en nokkru sinni fyrr af því að ríkisstjórn afturhaldsins vinnur skipulega að því að skerða lífskjörin og auka erfiðleika fólksins. En Framsóknarflokkurinn vill ekki heyra kröfur eða óskir stéttanna, nema þegar umbjóðendur hans eiga í hlut, þá verður hann allur af eyrum með Eysteini í broddi fylkingar. Hann minnir í þessu efni helzt á kameljónið í Afríku, sem skiptir litum í sífellu og auðvitað í samræmi við, hvað því hentar best á hverri stundu. Og Eysteinn er foringi þessarar skrítnu pólitísku dýrategundar.

Sæmdir riddara- krossi fálkaorðunnar

FORSETI ÍSLANDS sæmdi í gær Árna Friðriksson fiski- træðing riddarakrossi fálkaorðunnar fyrir störf í þágu sjávarútvegsins.

Þá sæmdi forseti einnig Lárus Jóhannesson hæstaréttarlögmann riddarakrossi í tilefni 40 ára afmælis Lögmannafélags Íslands, en Lárus er formaður þess.

„Söngur lútunnar“ verður jólaleikrit leikfélagsins í ár

Leikurinn gerist í Kína um svipað leyti og Njáls saga var skráð hér.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR býður leikhússgestum upp á nýstárlegt jólaleikrit. Er það kínverski leikurinn „Pi-pa-ki“, sem kallaður verður á íslensku lútunnar“.

Rakst á bifreið, en hlaut ekki alvarleg meiðsli

ÞAD VILDI TIL í gær, að drengur, sem kom á reiðhjól austan Laugaveg hjá Rauðar- árstíg, rakst á bifreið, sem varð að nema staðar vegna umferðarinnar. Drengurinn féll á götuna við árekssturinn og meiddist, en ekki alvarlega, að því er læknisskoðun á Landsspítalanum leiddi í ljós.

Dagsbrún mótmælir hinni stórfelldu hækkun á rafmagni og heitu vatni

EFTIRFARANDI ályktun var einróma samþykkt á fundi í trúnaðarráði Dagsbrúnar í fyrrakvöld:

„Fundur í Trúnaðarráði Verkamannafélagsins Dagsbrún, haldinn 14. desember 1951, samþykkir eftirfarandi:

Með skírskotun til þess að af koma almennings fer hraðversnandi vegna vaxandi atvinnuleysis, stóraukinnar dýrtíðar og skattaáþjáningar af hendi ríkis og bæjar, sem þegar hefur ofgert gjaldþoli verkafólks og annarra lágtekjumanna, mótmælir fundurinn harðlega þeim stórfelldu hækkunum á rafmagni og heitu vatni, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir árið 1952, svo og öðrum nýjum álögum á alþýðumanna, sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu og skorar eindregið á bæjarstjórn að fella þær.

Fundurinn telur það algera lágmarkskröfu, að fjárframlög til verklegra framkvæmda bæjarins verði áætluð svo ríflega að tryggt sé, að eigi verði unnin færri dagsverk við þessar framkvæmdir á næsta ári en gert er á þessu ári. Því mótmælir fundurinn harðlega þeim niðurskurði á framlagi til verklegra framkvæmda, gatna gerðar og íbúðarhúsabygginga, sem frumvarpið að fjárhagsáætlun bæjarins gerir ráð fyrir.

Vegna hins alvarlega útlits í atvinnumálum bæjarbúa telur fundurinn óhjákvæmilegt að gerðar verði ráðstafanir til að mæta ófyrirsjáanlegum skakka föllum af völdum vaxandi atvinnuleysis og skorar því mjög eindregið á bæjarstjórn að áætla ríflegt framlag í því skyni á fjárhagsáætlun næsta árs.“

Veðurútlitið í dag:

Allhvass suðaustan, skúrur.

Það hefur verið föst venja hjá Leikfélagi Reykjavíkur um margra áratuga skeið, að vanda sérstaklega til leiksýninga á annan í jólum, eða með öðrum orðum, að efna þá til frumsýningar á þeim sjónleik, sem það telur merkasta viðfangsefni sitt það ár. Í fyrra var þessi venja þó rofin, ýmissa ástæðna vegna; en nú hyggst Leikfélagið halda henni áfram, og á annan í jólum n. k. hefur það frumsýningu á fornum kínverskum sjónleik, sem Tómas skáld Guðmundsson hefur íslenskað og breytt til þess að auðvelda það í fútningi hér, og eru þær breytingar gerðar að ráði Gunnars R. Hansen, sem annast leikstjórn og sviðsetningu.

Leikritið nefnist „Kí-pa-ki“ á frummálinu, en hefur hlotið nafnið „Söngur lútunnar“ á íslensku. Höfundur þess, sem uppi var á 14. öld, nefndist Ká-Tsö-Tejeng, og mun leikritið samið um svipað leiti og Njáls saga var rituð.

Sjónleikur þessi hefur á síðustu árum verið sýndur víða um lönd, að vísu, allmikið breyttur, og er einkum farið eftir bandarísku og sænsku gerðinni, hvað þessa íslensku gerð snertir. Gunnar R. Hansen hefur teiknað buningana, samið hljómlistina, — en hljómlist og söngur er mikill við leiksýninguna. — og einnig teiknaði hann leiktjöldin, sem Lothar Grud hefur unnið að öðru leyti.

Leikendur eru allmargir, en í aðalhlutverkum eru þau Gísli Halldórson, Erna Sigurleifs- dóttir, Guðbjörg Þorbjarnar- dóttir og Þorsteinn Ö. Stephen- sen, en fjöldi leikenda auk þess í smærri hlutverkum. Þetta er í fyrsta skipti, sem Gísli Halldórsson leikur stórt hlutverk; en hann hefur áður leikið minni hlutverk hjá Leikfélaginu við góðan orðstýr.

15 „smáhækkanir“

Framhald af 1. síðu.

- eigin nota í þessum gördum.
- 1) Náðhús bæjarins eiga að hækka gjöld sín öll stórflega, og kostar þetta viðskiptamenn þeirra 30 000 kr. á ári.
 - 2) Nýr skattur fyrir sorptunnur verður lagður á ca. 1500 húseigendur; síðar væntanlega alla, 45 kr. á tunnu. Þetta gerir 67 500 kr.
 - 3) Byrjað verður á því að krefja skólabörn um gjald fyrir efni til handavinnu.
 - 4) Gjöld fyrir áritun skjala við eignaskipti lóða stórhækka.
 - 5) Aðstandendur veiklaðra barna, sem eru í heimavist skólanna, verða í fyrsta sinn krafðir gjalda fyrir þau.
 - 6) Gjöld í baðhúsinu eiga að stórhækka.
 - 7) Ætlunin er að krefja húseigendur um þriðjung af kostnaði við gangstéttir, sem gerðar kunna að vera framan við hús þeirra.